SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

# STYRKJUM SUNNLENSKT SAMFÉLAG

Ársþing SASS, haldið í Hveragerði
31. október - 1. nóvember 2024



NÓVEMBER 2024
WWW.SASS.IS

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) var haldið á Hótel Örk í Hveragerði dagana 31. október til 1. nóvember 2024 en þetta var 55. þingið. Á þinginu komu saman ríflega 100 fulltrúar allra fimmtán sveitarfélaga á Suðurlandi til að ræða og ákveða stefnumótandi málefni sem varða landshlutann. Ályktanir ársþingsins endurspegla brýnustu áskoranir landshlutans og tillögur að lausnum til að stuðla að sjálfbærni, hagvexti og lífsgæðum íbúa.

Milliþinganefndir hafa verið að störfum á árinu sem fjallað hafa um ýmsa málaflokka sem skipta sunnlenskt samfélag máli og þær skiluðu vel útfærðum ályktunum og tillögum að verkefnum.

Inntak ályktanna ársþingsins er að stuðla að framtíðaruppbyggingu og að efla samkeppnishæfni landshlutans. Hér á eftir eru helstu niðurstöður og er þeim raðað eftir málefnasviðum ráðuneyta.



## Innviðaráðuneytið

✓ Ný Ölfusárbrú með tvöföldun þjóðvegar 1. Skorað er á stjórnvöld að hafa nýja Ölfusárbrú 2+2 frá upphafi, ásamt því að hefja tvöföldun á þjóðvegi 1 frá Rauðavatni að Þjórsárbrú til að bæta umferðarflæði og öryggi að og frá nýrri brú.

✓ Jarðgangnagerð milli lands og Vestmannaeyja. SASS leggur þunga áherslu á að Alþingi tryggi fjármagn í fjárlögum í fyrsta hluta rannsókna á jarðlögum eins og lagt er til í skýrslu ráðherraskipaðs starfshóps um fýsileika gangnagerðar milli lands og Eyja.

✓ Skorað er á stjórnvöld að veita meira fjármagni til vegakerfisins á Suðurlandi til að fækka einbreiðum brúm og malarvegum. Slíkar framkvæmdir eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi íbúa og ferðamanna.

✓ Svæðisskipulag Suðurhálendis. Skorað er á innviðaráðherra að virða lögbundið skipulagsvald sveitarfélaga og staðfesta svæðisskipulag Suðurhálendis.

**BÆTTAR SAMGÖNGUR**

**Kallað er eftir auknu fjármagni frá stjórnvöldum til að bæta vegakerfið á Suðurlandi. Markmiðið er að fækka einbreiðum brúm og malarvegum, byggja nýja Ölfusárbrú og rannsaka jarðlög tengt gangnagerð til Eyja.**








## Fjármála- og efnahagsráðuneytið

- ✓ SASS skorar á ríkisvaldið að tryggja sveitarfélögum á nærsvæðum auknar tekjur af auðlindum til að styrkja innviði og auka sjálfbærni samfélaga.

## Menningar- og viðskiptaráðuneytið

- ✓ Markaðssetning Íslands. Skorað er á ráðherra að tryggja stöðuga markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar. Ferðaþjónustan er stærsti atvinnuvegur Suðurlands og lykilþáttur í efnahagslegri sjálfbærni svæðisins. Því er brýnt að tryggja fjármagn til að halda uppi sterkri ímynd Íslands á alþjóðamarkaði.

## Heilbrigðisráðuneytið

- ✓ Aukin geðheilbrigðisþjónusta. SASS hvetur ríkisvaldið til að setja aukna fjármuni til Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, BUGL og Geðheilsumiðstöðvar barna til þess að stytta biðlista eftir þjónustu.

- ✓ Heilbrigðisþjónusta óháð búsetu. Ráðherra er hvattur til að tryggja fjármagn fyrir þjónustu á kvöldin og um helgar, óháð búsetu íbúa. Með því er stigið stórt skref í átt að markmiði aðgerðaráætlunarinnar „Gott að eldast" um að fólk geti búið í sjálfstæðri búsetu á eigin heimili sem lengst.

- ✓ Sjúkraþyrla á Suðurlandi. SASS krefst þess að stjórnvöld hefji tilraunarverkefni með sjúkraþyrlu á Suðurlandi á komandi ári. Verkefnið var komið vel á veg fyrir heimsfaraldur en brýnt er að stytting á viðbragðstíma í útköllum verði forgangsatriði í landshlutanum.




## Mennta- og barnamálaráðuneytið

- ✓ Fjölbreyttari menntunarmöguleikar. SASS telur brýnt að mæta þörfum framhaldsskólanema á Suðurlandi fyrir fjölbreyttari menntunarmöguleika, með áherslu á list-, verk- og iðngreinar. Framhaldsskólar á Suðurlandi ættu einnig að nýta sér fjarnám í samstarfi við aðra skóla á landinu til að bæta við kennslu í iðn- og listgreinum sem ekki eru í boði á svæðinu nú þegar. Með því væri hægt að tryggja að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttu námsframboði óháð staðsetningu.

- ✓ Bygging heimavistar við FSu. SASS skorar á ráðherra að setja byggingu nýrrar heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands á dagskrá.

- ✓ SASS skorar á stjórnvöld að leita leiða til að efla íslenskukennslu í landinu í samstarfi við sveitarfélög. Tryggja þarf nauðsynlegt fjármagn til að tryggja nýjum íbúum tækifæri til að læra tungumálið og tryggja börnum með erlendan bakgrunn jafnrétti til náms.

## Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

- ✓ SASS skorar á ráðherra að jafna dreifingargjald á raforku milli þéttbýlis og dreifbýlis. Fjarlægja þarf heimild til sérstakra dreifbýlis gjaldskráa.

- ✓ Skorað er á ráðherra að endurskoða fyrirhugaðar breytingar á starfsemi heilbrigðiseftirlita og hvatt er til að taka upp víðtækara samráð við sveitarfélögin. Jafnframt hvetur SASS stjórnvöld til að styðja betur við núverandi kerfi, stuðla að aukinni samræmingu, efla samræmingarhlutverk Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og bæta innleiðingu nýrra reglna og leiðbeininga hjá fagráðuneytum.



## Dómsmálaráðuneytið

- ✓ Aukið samstarf lögreglu og sveitarfélaga. SASS skorar á ríkisvaldið að tryggja sérstakt viðbótarfjármagn til lögreglu svo takast megi að efla enn frekar samfélagslöggæslu og auka samstarf lögreglu og sveitarfélaga meðal annars í gegnum Öruggara Suðurland.

## Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

- ✓ SASS hvetur ríki, fræðsluaðila og atvinnurekendur á Suðurlandi til að tryggja að íslenskukennsla fyrir erlent starfsfólk verði efld, sérstaklega í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og öðrum greinum. Það er mikilvægt til að stuðla að inngildingu og tryggja jafna möguleika til starfsþróunar.

## Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

- ✓ Bætt aðgengi háskólanema. SASS telur brýnt að finna leiðir til þess að auka og bæta aðgengi að háskólamenntun í fjórðungnum og þannig geti fólk á Suðurlandi stundað háskólanám í fjarnámi. Að mati nefndarinnar ætti markmiðið að vera að útvega og efla aðstöðu fyrir námsmenn víðsvegar um Suðurlandið. Horfa þarf til þess að námsmenn þurfa hagstætt húsnæði og nauðsynlegt er að tryggja það að nægilegt framboð húsnæðis fyrir námsmenn sé til staðar.



ÚRVINNSLU SJÓÐUR
ICELANDIC RECYCLING FUND

**Flóahreppur**
**Þingborg**
**803 Selfoss**
floahreppur@floahreppur.is

Reykjavík, 21.11.2024

**Skilagrein vegna sérsöfnun umbúða hjá sveitarfélögum**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna sérsöfnunar sveitarfélaga sem tekið hefur verið á móti við heimili, á söfnunarstöð og við grenndargáma.

**Greitt er fyrir tímabilið júlí – september, ásamt eftirstöðvum 2024 ef einhverjar.**

| | Grenndargámar | Heimatunnur | Söfnunarstöðvar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Pappaumbúðir | 25.560 | 1.963.810 | - | **1.989.370** |
| Plastumbúðir | 29.408 | 956.411 | - | **985.819** |
| Glerumbúðir | 55.723 | - | - | **55.723** |
| Málmumbúðir | 55.033 | - | - | **55.033** |
| **Heildargreiðsla** | | | | **3.085.945 kr** |

*Athugið að greiðslur eru án VSK*

*Greitt verður inná bankareikning skv. eftirfarandi upplýsingum:*

Kennitala 600606-1310
Bankanúmer 0152-26-000780

| Greiðsla<br>Innihald | Aðstaða | Annað | Ílát | Söfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grenndargámar** | **14.668** | **4.428** | **58.829** | **87.798** | **165.723** |
| **Glersöfnun** | | | | | |
| Glerumbúðir | 4.927 | 1.530 | 22.287 | 26.979 | 55.723 |
| **Málmsöfnun** | | | | | |
| Málmumbúðir | 4.873 | 1.458 | 26.565 | 22.138 | 55.033 |
| **Pappasöfnun** | | | | | |
| Pappaumbúðir | 2.266 | 662 | 3.312 | 19.320 | 25.560 |
| **Plastsöfnun** | | | | | |
| Plastumbúðir | 2.603 | 778 | 6.665 | 19.361 | 29.408 |
| **Heimatunnur** | - | **85.249** | **250.403** | **2.584.569** | **2.920.221** |
| **Pappasöfnun** | | | | | |
| Pappaumbúðir | - | 57.343 | 166.686 | 1.739.781 | 1.963.810 |
| **Plastsöfnun** | | | | | |
| Plastumbúðir | - | 27.906 | 83.718 | 844.788 | 956.411 |
| **Samtals** | **14.668** | **89.678** | **309.233** | **2.672.367** | **3.085.945** |

ÚRVINNSLU SJÓÐUR
ICELANDIC RECYCLING FUND

| Söfnun Innihald | Grenndargámar | Heimatunnur | Alls kg. |
|---|---|---|---|
| Glersöfnun | | | |
| Glerumbúðir | 1.020 | | 1.020 |
| Málmsöfnun | | | |
| Málmumbúðir | 550 | | 550 |
| Pappasöfnun | | | |
| Pappaumbúðir | 480 | 9.059 | 9.539 |
| Annar pappír | 188 | 3.556 | 3.745 |
| Annað | 43 | 805 | 848 |
| Plastsöfnun | | | |
| Plastumbúðir | 138 | 2.206 | 2.344 |
| Annað plast | 23 | 370 | 394 |
| Annað | 40 | 644 | 684 |
| **Alls kg.** | **2.483** | **16.641** | **19.124** |

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími 517 4700
Kt. 530803-3680
urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is
urvinnslusjodur.is

ÚRVINNSLU SJÓÐUR
ICELANDIC RECYCLING FUND

Flóahreppur
Þingborg
803 Selfoss
floahreppur@floahreppur.is

Reykjavík, 21.11.2024

**Skilagrein vegna sérsöfnun umbúða hjá sveitarfélögum**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna sérsofnunar sveitarfélaga sem tekið hefur verið á móti við heimili, á sofnunarstoð og við grenndargáma.

**Greitt er fyrir tímabilið júlí - september, ásamt eftirstöðvum 2024 ef einhverjar.**

| | Grenndargámar | Heimatunnur | Sofnunarstoðvar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Pappaumbúðir | 25.560 | 1.963.810 | - | **1.989.370** |
| Plastumbúðir | 29.408 | 956.411 | - | **985.819** |
| Glerumbúðir | 55.723 | - | - | **55.723** |
| Málmumbúðir | 55.033 | - | - | **55.033** |
| **Heildargreiðsla** | | | | **3.085.945 kr** |

*Athugið að greiðslur eru án VSK*

*Greitt verður inná bankareikning skv. eftirfarandi upplýsingum:*

Kennitala 600606-1310
Bankanúmer 0152-26-000780

| Greiðsla<br>Innihald | Aðstaða | Annað | Ílát | Söfnun | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grenndargámar** | **14.668** | **4.428** | **58.829** | **87.798** | **165.723** |
| **Glersöfnun** | | | | | |
| Glerumbúðir | 4.927 | 1.530 | 22.287 | 26.979 | 55.723 |
| **Málmsöfnun** | | | | | |
| Málmumbúðir | 4.873 | 1.458 | 26.565 | 22.138 | 55.033 |
| **Pappasöfnun** | | | | | |
| Pappaumbúðir | 2.266 | 662 | 3.312 | 19.320 | 25.560 |
| **Plastsöfnun** | | | | | |
| Plastumbúðir | 2.603 | 778 | 6.665 | 19.361 | 29.408 |
| **Heimatunnur** | **-** | **85.249** | **250.403** | **2.584.569** | **2.920.221** |
| **Pappasöfnun** | | | | | |
| Pappaumbúðir | - | 57.343 | 166.686 | 1.739.781 | 1.963.810 |
| **Plastsöfnun** | | | | | |
| Plastumbúðir | - | 27.906 | 83.718 | 844.788 | 956.411 |
| **Samtals** | **14.668** | **89.678** | **309.233** | **2.672.367** | **3.085.945** |

| Söfnun | | | |
|---|---|---|---|
| Innihald | Grenndargámar | Heimatunnur | Alls kg. |
| **Glersöfnun** | | | |
| Glerumbúðir | 1.020 | | 1.020 |
| **Málmsöfnun** | | | |
| Málmumbúðir | 550 | | 550 |
| **Pappasöfnun** | | | |
| Pappaumbúðir | 480 | 9.059 | 9.539 |
| Annar pappír | 188 | 3.556 | 3.745 |
| Annað | 43 | 805 | 848 |
| **Plastsöfnun** | | | |
| Plastumbúðir | 138 | 2.206 | 2.344 |
| Annað plast | 23 | 370 | 394 |
| Annað | 40 | 644 | 684 |
| **Alls kg.** | **2.483** | **16.641** | **19.124** |

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sími 517 4700
Kt. 530803-3680

urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is
urvinnslusjodur.is

**Hulda Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Skipulagsgáttin <noreply@skipulagsgatt.is> |
| **Sent:** | fimmtudagur, 28. nóvember 2024 09:21 |
| **To:** | Sveitarstjóri Flóahrepps |
| **Subject:** | Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 1253/2024 í Skipulagsgátt |

Ágæti viðtakandi (Flóahreppur),

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur óskað eftir umsögn þinni við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt:

- Áshildarmýri; Vatnsból og Vatnsverndarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2406076, nr. 1253/2024: Auglýsing tillögu (Breyting á aðalskipulagi)

Smelltu hér til að skoða málið nánar og til að bæta við þinni umsögn. Kynningartími er frá 28.11.2024 til 10.1.2025.

Fyrirspurnir um málið skulu berast til ábyrgðaraðila þess.

Þetta er sjálfvirk tilkynning til allra aðila sem hafa verið skráðir sem umsagnaraðilar að málinu.

Kveðja,

Skipulagsgátt